

Bjarkarland 1. áfangi – aðkoma að lóðum nr. 1-25 og 27-51 við Móstekk og staða við afhendingu.

Úthlutun lóðanna 1-25 og 27-51 við Móstekk fer fram, áður en gatnagerð er lokið.

Móstekkur 1-25 er botnlangagata sem verður með tengingu frá safngötunni Móstekk, þegar gatnagerð er lokið. Móstekkur 27-51 eru botnlangagata sem verður með tengingu úr suð-austri frá Móstekk 53-59, þegar gatnagerð er lokið.

Við afhendingu lóðanna verður bráðabirgðatenging frá Björkurstekk, beint inn í enda Móstekks 1-25, úr norð-vestri og milli Móstekks 1-25 og Móstekks 27-51 verður bráðabirgðatenging yfir svæði sem í lok framkvæmda verður grassvæði og göngustígur.

Gatnagerð og lagnir verða við afhendingu lóða, á því stigi, að búið verður að leggja skolp- og regnvatnslagnir, í götur, regnvatnsniðurföll í götur og heimæðar fyrir skolp- og regnvatnslagnir 2,0 m inn fyrir lóðamörk. Fráveitukerfi verða tengd við stofnlagnir.

Stofnlögn fyrir kalt neysluvatn verður komin í götustæði og heimæðar 2,0 m inn fyrir lóðamörk. Neysluvatnslögn verður tengd við stofnlagnir vatnsveitu.

Búið verður að leggja stofnlagnir hitaveitu, í götustæði og heimæðar 2,0 m inn fyrir lóðamörk, en ekki verður búið að tengja hitaveitu.

Búið verður að setja upp ljósastaura, leggja rafstrengi að ljósastaurum, og heimæðar rafmagns, frá tengikassa í götu og 2,0 m inn fyrir lóðamörk. Óvíst er hvort og hvenær raftenging verður tiltæk, en lagning stofnstengja er háð framkvæmdum við önnur svæði í hverfinu.

Búið verður að leggja ídráttarpípur fyrir ljósleiðara 2,0 m inn fyrir lóðamörk frá tengibrunnum.

Götustæði Móstekks 1-25 og Móstekks 27-51 verða malbikuð en á bráðabirgðatengingum verður malarlitlag. Ekki verður búið að steypa gangstéttakanta né malbika gangstéttar.

Lóðarhafar mega ekki nota götu- og gangstéttarstæði sem lagersvæði og verða að vera með allt efni og búnað sem fylgir framkvæmdum innan lóðar. Þegar að því kemur að steypa gangstéttarkanta og malbika gangstéttar mun aðkoma lóðahafa að lóðum lokast á meðan vinna við þá verkþætti fer fram.

Lögð er áhersla á að um flýtiúthlutun er að ræða og skulu lóðarhafar taka tillit til þess við framkvæmdir. Úttekt gatnagerðar verður ekki lokið og geta lóðarhafar verið bótaskyldir ef framkvæmdir þeirra valda skemmdum á götu- eða gangstéttarstæði. Við flutning uppgrafins efnis og aðkeyrslu fyllingar skal gæta þess að götu- og gangstéttarstæði óhreinist ekki og skulu allir flutningapallar vera það þéttir og þannig hlaðnir, að engin óhreinindi berist á gatna- og gangstéttarstæði.

Áætlað er að lóðarhafar geti fengið lóðir í Móstekk 1-25 og Móstekk 27-51 afhentar 1. október 2020. Afhendingartími er háður því að veðurfar, útvegur birgja á efni, lagning malbiks og vinnsla annara verkþátta, sem á að vera lokið samkvæmt ofansögðu, hafi ekki tafist frá núverandi áætlun.

Lóðarhafar skulu vera í góðri samvinnu við gatnagerðarverktaka um aðkomu, umgengni og vinnu á úthlutuðum lóðum, fram að verklokum gatnagerðar.

Umsamin verklok verksins „Bjarkarland, gatnagerð og lagnir 1. áfangi“ er 15. júlí 2021.